



### Álagning fasteignaskatts:

**A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,46% af hús- og lóðarmati

**A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðarmati

**B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

**C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,6% af hús- og lóðarmati

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati

**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,62 kr. á m<sup>2</sup> að lágmarki 8.300 kr.

**Sorpgjöld:** Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 20.300,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 20.300,-

### Reglur um afslátt fasteignaskatts 2015.

#### 1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduóssbæ 1. desember 2014.

#### 2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 51.500,-

#### 4. gr.

Tekjumörk á árinu 2014 eru:

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 2.432.098 fá 100% afslátt.*

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.065.744 fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.623.643 fá 100% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 4.669.093 fá 0% afslátt.*

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

#### 5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

#### 6. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is) í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

#### 7. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

#### 8. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduóssbæjar eigi síðar en 1. júní 2015.

**Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2015. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.**

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is). Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og er hann sendur þeim sem þess óska. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduóssbæjar eða í síma 455 4700.

*Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduóssbæjar 3. desember 2014.*

*Sveitarstjórinn á Blönduósi, 27. janúar 2015*

**Arnar Þór Sævarsson**